

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. júní 2016  
UST201605-209/S.P.  
09.07.01

### Álafoss í Varmá - göngustígur og áningasvæði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Mosfellsbæjar, dags. 26. maí 2016, þar sem óskað er eftir heimild Umhverfisstofnunar til þess að fara í lagfæringar á göngustíg og áningasvæðis innan friðlýsts svæðis við Álafoss í Varmá.

Álafoss og nánasta umhverfi hans var friðlýst sem náttúruvætti þann 23. apríl 2013. Markmið friðlýsingar er að vernda fossinn sjálfan, nánasta umhverfi hans sem og menningarminjar sem tengjast sögu og þróun Mosfellsbæjar. Svæðið er fjölsótt, bæði af bæjarbúum og öðrum gestum og mikilvægt að treysta útivistar- og fræðslugildi þess, sbr. 2. gr. friðlýsingar.

#### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða lagfæringar á göngustíg sem liggur í gegnum Álanesskóg frá Álafosskvos að norðanverðu, að mörkum friðlýsta svæðisins að sunnanverðu, og áningasvæðinu í Álanesskógi. Göngustígurinn er ekki í góðu ásigkomulagi og nauðsynlegt að slétta hann og bæta við stígamöl. Einnig er nauðsynlegt að ráðast í lagfæringar á áningasvæðinu, fjarlægja illgresi og lagfæra undirlag. Ekki er um að ræða neinar framkvæmdir eða rask á bökkum Varmár eða í ánni sjálfri. Til verksins verða valdir vandaðir verktakar sem ber haga sinni vinnu þannig að framkvæmdirnar valdi ekki óþarfa röskun eða mengun á svæðinu. Áætlaður framkvæmdatími er 1-2 vikur á tímabilinu 1.-30. júní 2016. Samkvæmt viðbótarupplýsingum er að mati umsækjanda ómögulegt að ráðast í umræddar lagfæringar nema notast verði við smágröfu.

Þann 25. apríl 2013 var undirritaður og staðfestur af ráðherra, samningur á milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar um umsjón og rekstur náttúruvættisins Álafoss í Mosfellsbæ. Samkvæmt 12. gr. umsjónarsamningsins sér Mosfellsbær um daglega umsjón og rekstur náttúruvættisins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægi rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski og svo framvegis. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstarfanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Mosfellsbær hefur nú leitað til Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdanna. Umhverfisstofnun telur umræddar framkvæmdir nauðsynlegar til viðhalds á svæðinu og til þess að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Felst Umhverfisstofnun því á framkvæmdirnar.

Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri

Virðingarfyllst

René Biasone  
Sérfræðingur